

Fundargerð 473. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2025, fimmtudaginn 22. maí kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í húsnæði Faxaflóahafna.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Björn Arnaldsson, Alexandra Jóhannesdóttir, Dóra Björk Gunnarsdóttir og Elliði Vignisson.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fyrir fundinn kynnti Gunnar Tryggvason, hafnarstjóri Faxaflóahafna, starfsemi hafnarinnar og framtíðarþróun hennar.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 472. fundar - 2401001HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 472. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 28. apríl 2025 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Afmörkun og skilgreining hafnarsvæða - 2412001HA

Lögð fram drög að leiðbeiningum um afmörkun hafnarsvæðis skv. 4. gr. hafnalaga nr. 61/2003, dags. í maí 2025. Óskað er eftir að umsögn berist eigi síðar en 27. maí nk.

Starfsmanni falið að útbúa umsögn m.v. umræður á fundinum.

3. Samgönguáætlun 2026-2030 endurskoðun áætlunar - Hafnaframkvæmdir og sjóvarnir - 2505001HA

Lagt fram til kynningar bréf Vegagerðarinnar, dags. 6. maí 2025, um umsóknir vegna hafnargerðar og sjóvarna á samgönguáætlun 2026-2030, ásamt eyðublöðum.

Stjórn hafnasambandsins hvetur hafnir til að svara bréfi Vegagerðarinnar sem fyrst.

4. Hafnafundur 2025 - 2411002HA

Rætt um dagskrá Hafnafundar 2025 sem verður haldinn á Ólafsvík 23. október nk.

Starfsmanni falið að halda áfram undirbúningi fyrir Hafnafundinn.

5. Framtíðarsýn og framkvæmdaþörf hafna - 2505002HA

Lögð fram til kynningar drög að spurningakönnun sem er hluti af verkefni sem Íslenski sjávarklasinn er að vinna um framtíðarsýn og framkvæmdaþörf hafna.

6. Skemmtiferðaskip - 2409002HA

Lögð fram kynning frá Faxaflóahöfnum á breytingum á skattalegu umhverfi skemmtiferðaskipa, dags. í maí 2025, sem var unnin fyrir Hafnasamband Íslands. Gunnar Tryggvason gerði grein fyrir málinu þar sem fram kom að bókunum skemmtiferðaskipa er að fækka og lýkur á að þær breytingar sem hafa verið gerðar muni leiða til enn frekari fækkunar og tekjutaps samfélagsins.

Fundi var slitið kl. 14:00